

Baldur Sigurðsson

## Lesið af listfengi

Birtist í *Skímu* 42, (20. árg. 1. tbl.) 1997, bls. 46-48.

### Sáning

Á fundi fagstjóra og deildarstjóra í íslensku hinn 2. maí sl. vöktu þrír ungir nemendur í 7. bekk athygli fyrir að lesa upp ljóð af miklu listfengi. Hér voru komin þau Tryggvi Steinn Helgason (Lækjarskóla), Sigríður Ása Júlíusdóttir (Álftanesskóla) og Margrét Arnardóttir (Engidalsskóla), sigurvegarar í upplestrarkeppni sem haldin var í skólum Hafnarfjarðar og á Álftanesi í vetur, og lauk með virðulegum hætti í Hafnarborg hinn 4. mars sl. að viðstöddu fjölmenni.

Hugmyndin að þessari keppni er fengin að láni, eins og flestar góðar hugmyndir. Í júní 1977 hitti undirritaður barnakennara frá Slóvakíu í heita pottinum, unga konu sem hér hafði dvalið vetrarlangt fyrir fáum árum. Hún sagði þau tíðindi af 9 ára dóttur sinni, Katarínu, að hún hefði náð frábærum árangri í upplestrarkeppni í heimalandi sínu. Fyrst var hún valin besti upplesari bekkjarins, þá besti upplesari skólans í sínum aldursflokki, þá besti upplesari héraðsins, og að lokum hefði hún tekið þátt í keppni um titilinn „besti upplesari fjórðungsins“.

Um haustið færði ég þá hugmynd í tal við Þórð Helgason, samkennara minn, að við héldum keppni af þessu tagi hér á landi. Varð það úr að við leituðum til nokkurra félaga um að taka þátt í gera hugmyndina að veruleika og tengja hana við dag íslenskrar tungu, 16. nóvember. Félögin brugðust vel við og skipuðu fulltrúa sína í undirbúningsnefnd sem hittist í fyrsta sinn í janúar 1996.<sup>1</sup>

### Spretta

Í boðsbréfi til fyrsta fundar gerðum við Þórður grein fyrir áformum okkar:

Við höfum um nokkurt skeið látið okkur dreyma um að hlutur hins talaða máls, sjálfs framburðarins, verði meiri í skólum landsins og vitund þjóðarinnar en verið hefur. Við teljum okkur ekki þurfa að réttlæta þessa drauma, allir þeir, sem áhuga hafa á framgangi tungunnar, vita að þar er pottur brotinn.

Við gerum það að tillögu okkar að dagurinn 16. nóvember, sem nú hefur góðu heilli verið tileinkaður móðurmálinu í minningu listaskáldsins góða, verði héðan í frá eins konar lokadagur mikillar samkeppni í upplestri sem háð verði í grunn- og framhaldsskólum landsins.

---

<sup>1</sup> Nefndina skipuðu: Ari Páll Kristinsson (Íslensk málnefnd), Baldur Sigurðsson (KHÍ), Bergþóra Arnarsdóttir (Heimili og skóli), Guðríður Óskarsdóttir (Kennarasamband Íslands), Ingibjörg Einarisdóttir (Samtök móðurmálskennara), Ingibjörg Frimannsdóttir (KHÍ), Sesselja Þórðardóttir (Íslenska lestrarfélagið) og Þórður Helgason (KHÍ).

Við hugsum okkur að áður hafi nemendur keppt í ákveðnum aldursflokkum innan skóla og síðan milli skóla en úrslitakeppni fari fram fyrir allra eyrum og/eða augum í útvarpi eða sjónvarpi. Þætti okkur fara ákaflega vel á því að í fyrstu lokakeppninni væri lesið úr verkum Jónasar Hallgrímssonar.

Við teljum óyggjandi að keppni þessi og lokaáfangi hennar vekji áhuga manna, ekki síst ungu kynslóðarinnar, á framburði tungunnar og einnig á sjálfum deginum og skáldinu sem hann er helgaður.

Þessi stórfenglegu áform þurftu strax að þola mikinn niðurskurð af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi færðust skólarnir til sveitarfélaga þá um haustið og þar með gerbreyttust allir möguleikar á fá fræðsluskrifstofur til samstarfs um framkvæmd. Í öðru lagi var verið að skipuleggja mikla norræna lestrarkeppni í skólum landsins þá um haustið, sem auðveldlega hefði ruglast við keppni okkar. Í þriðja lagi var ekki hlaupið að því að búa kennara undir að leiðbeina nemendum um upplestur og framsögn, auk þess sem ljóst varð að skipulag og kynningarstarfsemi yrði miklu meiri vinna en nokkurt okkar gat lagt af mörkum.

Á fyrstu fundum nefndarinnar voru teknar tvær mikilvægar ákvarðanir. Í fyrsta lagi var ákveðið að láta gera myndband um vandaðan upplestur og framsögn sem jafnframt væri fræðsla um hvernig standa bæri að undirbúningi fyrir keppnina. Lýðveldissjóður veitti 500 þúsund krónur til verkefnisins þá um sumarið og vorið 1997 bætti Málræktarsjóður 200 þúsund krónum við. Björg Árnadóttir og Sonja B. Jónsdóttir voru fengnar til verksins og eru þær um þessar mundir að leggja síðustu hönd á gerð bandsins.

Í annan stað var ákveðið að binda keppnina við einn árgang í einu byggðarlagi, og um síðir varð 7. bekkur í Hafnarfirði fyrir valinu.

## **Þroski**

Haustið 1996 var hugmynd að upplestarkeppni reifuð við kennara og skólastjóra í Hafnarfirði. Fjórir skólar lýstu áhuga á að taka þátt í keppninni og síðar bættist Álftanesskóli við. Í nóvember héldu þau Ingibjörg Frímannsdóttir og Þórður Helgason tvo fræðslufundi um upplestur fyrir kennara 7. bekkjar. Í janúar og febrúar lögðu kennararnir svo sérstaka rækt við vandaðan upplestur og framsögn í bekkjum sínum í tengslum við skrif nemenda og þær bókmenntir sem lesnar voru, og í lok febrúar voru þrír fulltrúar valdir úr hverjum skóla til að taka þátt í lokaathöfn keppinnar í Hafnarborg. Fulltrúar í undirbúningsnefnd fóru í alla skólana og voru kennurum innan handar við valið.

Ingibjörg Einarsdóttir, formaður SM stýrði lokaathöfn keppinnar í Hafnarborg. Baldur Sigurðsson, formaður undirbúningsnefndar, og Rúnar Brynjólfsson, varaformaður skólanefndar Hafnarfjarðar, fluttu ávörp, hafnfirskir hljóðfæraleikarar léku í upphafi og meðan beðið var eftir úrskurði dómnefndar, en hæst bar upplestur keppenda sjálfra. Fimmtán fulltrúar úr fimm skólum lásu upp í þremur umferðum. Í fyrstu umferð lásu börnin hvert á eftir öðru tvær sögur í heild eftir Jónas Hallgrímsson, *Legg og skel*, og *Fífil og hunangsflugu*, þannig að hvert þeirra las í liðlega eina mínútu. Í annarri umferð, að loknu

stuttu hléi, lásu börnin eitthvert eitt kvæði af þremur sem undirbúningsnefnd hafði valið (*Réttarvatn*, *Eg bið að heilsa* og *Um hana systur mína*), en í síðustu umferð lásu börnin eitt ljóð að eigin vali. Í ljós kom að þau höfðu valið sér ljóð af ýmsu tagi, bundin eða óbundin, ýmist eftir nafntoguð skáld eða féлага sína, og í þessum ljóðum reis lestur þeirra hæst.

Dómnefnd<sup>2</sup> valdi þrjá bestu lesarana og voru þeim veitt vegleg peningaverðlaun sem Sparisjóður Hafnarfjarðar hafði lagt til. Allir þátttakendur fengu viðurkenningarskjöl, og bókarverðlaun að auki frá Máli og menningu.

Mjólkursamsalan og sælgætisgerðin Góa gáfu veitingar í hléinu en athöfnin tók samtals um eina og hálfu klukkustund.

Prúðbúnir áheyrendur, aðstandendur, kennarar, skólafélagar og aðrir gestir, fögnuðu lesurum innilega og voru samdóma um að athöfnin hefði fremur líkst hátíð en keppni.

## Ávöxtur

Forráðamönnum skólamála í Hafnarfirði þótti keppnin takast svo vel að þeir eru staðráðnir í að halda hana aftur að ári. Undirbúningsnefndin mun í sumar og haust leita samstarfs við skólaskrifstofur um að skipuleggja upplestrarkeppni með þessu sniði víðar um land eftir því sem nefndin hefur bolmagn til. Lykilatriði er að gott samstarf takist við skólaskrifstofur á hverjum stað, og að fyrirtæki í heimabyggð fást til að styrkja keppnina. Stefnt er að því að velja besta upplesara í hverju byggðarlagi í hópi 12 ára barna og vera má að þegar fram líða stundir verði unnt að velja besta upplesara í fjórðungi – og jafnvel á landinu öllu – í beinni útsendingu Sjónvarpsins á degi íslenskrar tungu. Myndband um vandaðan upplestur mun standa skólum til boða með haustinu, en ljóst er að nefndin ræður ekki við að skipuleggja keppni nema í örfáum byggðarlögum næsta vetur.

Ég vil að lokum þakka samverkafólki mínu í undirbúningsnefndinni fyrir ötult starf og óeigingjarnt í þágu keppinnar. Það er mikill happafengur að fá að vinna með slíku fólki. Ég vil einnig þakka þeim sem styrktu keppnina veittan stuðning, en auk þeirra sem nefndir hafa verið, greiddu Kennaraháskólinn, Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Kennarasamband Íslands og Samtök móðurmálskennara götu keppinnar á ýmsan hátt. Síðast en ekki síst vil ég þakka kennurum fyrir samstarfið og keppendum sérstaklega fyrir afbragðsgóðan lestur.

Höfundur er lektor í íslensku við Kennaraháskóla Íslands.

---

<sup>2</sup> Í dómnefnd sátu Ari Páll Kristinsson, Bergþóra Arnarsdóttir, Ingibjörg Frimannsdóttir og Þórður Helgason (formaður).